

L Ö G

um skattfrelsi jarðstöðvar til fjarskiptasambands við umheiminn.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Innflutningur af hálfu eignaraðila á byggingarefni, vélum og búnaði og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum til byggingar og reksturs jarðstöðvar og tengdra mannvirkja til fjarskiptasambands við umheiminn skal undanþeginn aðflutningsgjöldum og söluskatti við innflutning. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Jarðstöðin og eignaraðilar hennar skulu undanþegnir tekjuskatti, eignarskatti, aðstöðugjaldi og fasteignaskatti varðandi rekstur stöðvarinnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og halda gildi sínu uns Póstur og sími hefur öðlast fulla eignaraðild að jarðstöðinni.

Gjört í Reykjavík 10. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

Nr. 21.

10. maí 1977.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. gr. bætist:

Um iðnnám fer eftir námsskrá, sem sett er af menntamálaráðherra samkvæmt lögum um iðnfræðslu, og skal þar kveðið á um samstarf atvinnulífs og skóla, sem annast iðnfræðslu. Um atvinnuréttindi þessara nemenda að námi loknu gilda sömu ákvæði og um aðra iðnnema.

Um annað nám við fjölbrautaskóla, er réttindi veita, skal farið eftir námskrá, sem sett er að fengnum tillögum þeirra aðila, er hafa með höndum veitingu réttinda.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Heimilt er menntamálaráðuneytinu í samvinnu við eitt eða fleiri sveitarfélög að efna til fjölbrautaskólalahlds með því fyrirkomulagi sem lög þessi gera ráð

fyrir með stofnun nýrra skóla eða með sameiningu tveggja eða fleiri skóla hafi samvinna tekist um það með eignaraðilum skólanna. Skipting stofnkostnaðar fari þá eftir samkomulagi er gert skal milli menntamálaráðuneytisins og annarra fjárhagsaðila skólans og miðist við stofnkostnaðarskiptingu í gildandi lögum um þá skólaþætti sem falla undir fjölbrautaskóla á hverjum stað. Samningur um stofnun fjölbrautaskóla er háður samþykki fjármálaráðuneytis eða fjárveitingu í fjárlögum.

Menntamálaráðuneytið ákveður verkefni og verkaskiptingu milli þeirra stofnana sem starfa samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lagaákvæði þessi raska ekki þeim samningum sem þegar hafa verið gerðir um stofnun og rekstur fjölbrautaskóla, þ. e. í Reykjavík, Hafnarfirði og Keflavík.

Gjört í Reykjavík 10. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Vilhjálmur Hjálmarsson.

10. maí 1977.

Nr. 22.

L Ö G

um sauðfjárbaðanir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sérhverjum þeim, er sauðfé eða geitfé hefur undir höndum, hvort heldur er eigin fé eða fóðrafé, er skylt að láta fram fara böðun á því til að útrýma kláða og öðrum óþrifum, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Honum er skylt að eiga eða tryggja sér afnot af aðstöðu til böðunar, þannig að verkið geti gengið greiðlega, farið fram innanhúss og án þess að fénaður sæti óþörfu hnjaski, enn fremur að leggja til nægilegt vinnuafli til verksins, vatn og nægilegt magn þess baðlyfs, sem yfirvöld mæla fyrir um, að notað sé. Bresti á eitthvað af þessu að dómi baðstjóra, hlutast hann til um úrbætur á kostnað fjáreiganda.

2. gr.

Böðun skal fram fara annan hvorn vetur milli 1. nóv. og 15. mars, þó aldrei fyrr en lokið er haustslátrun og aldrei fyrr en fé er komið á hús, nema sérstakar aðstæður mæli með slíku að dómi eftirlitsnianns og yfirdýralæknir samþykki.

3. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra, að fengnum umsóknun. sýslunefnda, að veila undanþágu frá böðunarskyldu um ótiltekinn tíma í tilteknum fjárskiptahólfum og